



Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir Heilbrigðiseftirlit Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes fyrir árið 2023.

Hlutverk og markmið heilbrigðiseftirlitsins

- Hlutverk Heilbrigðiseftirlitsins er að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um rekstur heilbrigðiseftirlits.
- Markmið heilbrigðiseftirlitsins er að búa íbúum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi.
- Hlutverk heilbrigðiseftirlitsins er að varðveita gæði lofts, vatns og lands á svæðinu og gæta hagsmuna almennings með tilliti til heilbrigðis og hollustuhátta og koma í veg fyrir eða draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.
- Heilbrigðiseftirlitið gegnir lykilhlutverki í að fylgjast með umgengni á vatnsverndarsvæðum og tryggja þannig verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þannig að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru um gæði neysluvatns.
- Hefur eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum með því að fylgja eftir kröfum um mengunarvarnir og ávallt sé notast við þá tækni sem er árangursríkust við að ná víðtækri almennri vernd umhverfisins í heild.
- Heilbrigðiseftirlitið stendur vörð um öryggi og heilnæmi matvæla með því að fylgjast náið með framleiðslu, dreifingu og sölu.

Helstu forsendur starfs- og fjárhagsáætlunar 2022

- Sameining heilbrigðiseftirlitssvæða hefur gengið ágætlega og markmiðið er að ljúka samræmingu á vöktun umhverfis og fleiri þáttum sem ekki tókst á fyrsta ári sameinaðs heilbrigðiseftirlits.
- Aukin áhersla verður lögð á vöktun umhverfis og fræðsla um gildi þess að vernda heilnæmt umhverfi. Aukin áhersla á vöktun þýðir þó ekki hækkun á framlagi sveitarfélaganna, heldur verið sú hagræðing sem varð til við sameiningu nýt til að efla vöktun.
- Stefnt er að rekstrartekjur af eftirlitsgjöldum og öðrum sértekjum fari ekki undir 65 prósentustig af heildarveltu heilbrigðiseftirlitsins.
- Gert er ráð fyrir í áætluninni að hagvöxtur verði í takt við Þjóðhagsspá Hagstofunnar sem gerir ráð fyrir 3,5% hækkun neysluvísitölunnar á árinu 2023 og að launahækkunir verði 4,6 % á árinu 2023 sem er sú hækkun sem fjármálaáætlun ríkisins gerir ráð fyrir í sínum forsendum..
- Gert er ráð fyrir að nýskráningum fyrirtækja fækki vegna tilkomu skráningarreglugerðarinnar, og því lækkun á leyfistekjum vegna skráningarreglugerðarinnar. Tæplega 50 atvinnugreinaflokkar færast yfir í skráningu og er nokkuð óljóst hvaða áhrif það hefur á leyfisgjöld.



- Tímagjald verði kr.19.500 á árinu 2022, sem er rúmlega 5% hækkun frá fyrra ári. Sýnagjald hefur hækkað verulega frá hendi birgja og er lagt til að það verði kr. 20.000 sem er um 5% hækkun frá fyrra ári.
- Stefnt er að áframhaldandi hagræðingu í skráningu hunda og með samræmingu hundahalds á svæði heilbrigðiseftirlitsins verður minni vinnu heilbrigðiseftirlits í eftirliti með hundahaldi. Þannig er lagt til að gjaldið hækki um rúmlega 6% eða í kr. 16.000 sem er hækkun um kr. 1.000 en gjald með afslætti er þá kr. 8.000, en rúmlega 60% hundaeigenda hafa lokið námskeiði sem veitir afslátt. Áfram er gert ráð fyrir að nýskráning hunda sé gjaldsfrjáls á fyrsta ári.

Fjárhagsáætlun ársins 2023. (íbúafjöldi miðað við 1. janúar 2022)

	Fjárhagsáætlun 2023			% af h- tekjum	% hækkun milli ára
	Hundaeftirlit	Heilbr.eftirlit	Samtals		
Rekstrartekjur					
Eftirlitsgjöld	34.752.000	135.197.964	169.949.964	89,9%	7,8%
Leyfisgjöld	0	10.000.000	10.000.000	5,3%	7,4%
Aðrar tekjur	0	9.000.000	9.000.000	4,8%	26,4%
	34.752.000	154.197.964	188.949.964	100,0%	8,6%
Gjöld				% af gj.	
Heilbrigðisnefnd	486.271	4.916.740	5.403.010	1,9%	19,7%
Laun og launat.gjöld	19.106.448	193.187.418	212.293.866	74,7%	7,3%
Húsnæðiskostnaður	1.300.000	13.200.000	14.500.000	5,1%	-34,2%
Skrifstofu- og tölvuk.	1.620.000	16.380.000	18.000.000	6,3%	2,2%
Akstur	720.000	7.280.000	8.000.000	2,8%	31,8%
Funda- og fræðsluk.	100.000	900.000	1.000.000	0,4%	2,1%
Aðkeypt þjónusta	2.600.000	12.000.000	14.600.000	5,1%	27,8%
Annar rekstrark.	7.000.000	2.000.000	9.000.000	3,2%	17,9%
	34.228.719	249.864.157	284.092.876	100,0%	7,6%
Rekstrarniðurstaða ársins	523.281	-95.666.193	95.142.912	33,5%	5,5%
Framlög aðildarfélaga					
Hafnarfjörður			26.981.787	29763	5,5%
Garðabær			16.721.401	18445	5,5%
Kópavogur			35.353.819	38998	5,5%
Mosfellsbær			11.806.968	13024	5,5%
Seltjarnarnes			4.278.938	4720	5,5%
			95.142.912	104950	



Greinargerð

Nú þegar heimsfaraldurinn sem hófst á árinu 2020 er liðinn undir lok, fer starfsemi heilbrigðiseftirlitsins að færast í hefðbundinn farveg. Sóttvarnartakmarkanir og áhrif faraldursins á samskipti fólks bjó til ýmsar áskoranir í störfum heilbrigðiseftirlitsins og finna þurfti nýjar leiðir til að nálgast fólk og fyrirtæki. Reynt var að nýta rafrænar lausnir og var fjarfundarbúnaður nýttur til samskipta við eftirlitsþega og eins var aukin áhersla lögð á að fá gögn send til eftirlitsmanna, s.s. gæðahandbækur, gátlista og teikningar sem hægt var að yfirfara á skrifstofunni. Á vormánuðum 2022, var starfsemin komin á fullan skrið, eftirlitsmenn farnir að fara í hefðbundnar vettvangsferðir og eðlilegum samskiptum komið á að nýju. Þær áskoranir sem sóttvarnartakmarkanir settu á starf heilbrigðiseftirlitsins bjuggu til nýjar lausnir við eftirlit og vonandi nýttast sumar þeirra til framtíðar, þó svo beint samband heilbrigðisfulltrúa við eftirlitsþeganna verður lykilkþáttur í eftirliti.

Fleiri áskoranir komu upp á árinu 2022, en gengið var frá sameiningu heilbrigðieftirlitssvæða í byrjun árs og hafa sveitarfélögin Mosfellsbær og Seltjarnarnes nú bæst við. Því eftirliti fylgdu tvö stöðugildi og var ákveðið að nýta tækifærið og endurskoða skipulag heilbrigðiseftirlitsins. Starfseminni var skipt upp í þrjú svið, matvælasvið, hollustuháttasvið og umhverfis- og mengunarsvið. Ein af forsendum sameiningar var að aukin hagræðing næðist með fleiri starfsmönnum og gekk það eftir, miðað við afkomuspá ársins, þar sem hlutfall sértekna var aðeins hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og framlög sveitarfélaganna því lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Í þjóðhagsspá fyrir 2022 var gert ráð fyrir að hagvöxtur yrði um 3,6% en samkvæmt spá Hagstofunnar er útlit fyrir að hagvöxtur verði nokkuð hærri. Nú í september er spáð að hagvöxtur mælist yfir 5,1% á þessu ári og er það áfram þakkað góðum vexti í innlendri eftirspurn, auk þess sem ferðapjónustan hefur verið ótrúlega fljótt að ná fyrri styrk. Verðbólguhorfur hafa versnað töluvert, meðal annars vegna aukinnar verðbólgu erlendis og hefur það valdið spennu í hagkerfinu. Gert er ráð fyrir að ársmeðaltal vísitölu neysliverðs hækki um 7,5% í ár og að verðbólgan verð um 5% á næsta ári.

Eftir nokkuð góðan fyrirsjáanleiki í launaþróun á árinu 2022, er ljóst að erfitt er að spá í launaþróun á næsta ári, þar sem samningar eru lausir í apríl og verðbólga hefur hækkað umtalsvert umfram þau markmið sem koma fram í gildandi samningum. Notast er við sama hlutfall og notuð eru í fjármálaáætlun ríkisins í áætlun ársins 2023, en hætta er á að sú spá sé of varfærin, ef tekið er mið af raunhækkunum á þeim árum sem gerðir eru nýir kjarasamningar.

Í forsendum fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022 var reiknað með að innleiðingu á málakerfi og samþættingu á málakerfinu og ytri vef heilbrigðiseftirlitsins og stofnkostnaður væri að baki. Það gekk ekki alveg eftir og jafnframt þurfti að leggja í kostnað við að yfirfara gögn og samræma, við sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæða. Þannig virðist erfitt að áætla kostnað við málakerfi og tölvuvinnslu sem er kostnaður sem fer alltaf töluvert fram úr þeim áætlunum sem gerðar eru. Hluti skýringarinnar er að krafa um rafrænar lausnir og að opinber birting gagna sé í samræmi við lög og reglugerðir og að aðgengi að upplýsingum sé komið á framfæri til almennings með skýrum og aðgengilegum hætti. Reglugerð um skráningarskyldu fyrirtækja tekur gildi 15. nóvember n.k. og færast þá tæplega 50 starfsleyfisflokkar eins og fram hefur komið, frá því að vera starfsleyfisfiskildir í að vera skráningarskyldir. Skráningin mun fara fram í miðlægri gátt Umhverfisstofnunnar, en síðan á eftir að útbúa vefþjónustur á milli kerfa þar sem þessi fyrirtæki verða áfram eftirlitsskyld af hálfu heilbrigðiseftirlitssvæðanna.

Á árinu 2022 bættust við 2 stöðugildi með sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæða og eru þá stöðugildin 14 í lok árs 2022 en að loknu fæðingarorlofi starfsmanns á fyrri hluta árs, verða stöðugildin 15. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna á árinu 2023 en breytingar verða á starfsmannahópnum, þar sem einn starfsmaður fer á eftirlaunaaldur á árinu.



Aukin krafa er um umhverfissvöktun, bæði í auknum kröfum um loftgæðaeftirlit þar sem lögð er áhersla á að bætt verði við mælistöðvum og að upplýsingar verði gerðar aðgengilegar almenningi og einnig eftirliti með lækjum, vötnum og tjörnum sem og vöktun á yfirborðsvatni, kallar þó á aukið vinnuframlag starfsmanna varðandi þann málaflokk. Ein loftgæðastöð bætist við í lok árs 2022 í Kópavogi og vonandi náum við að þetta loftgæðavöktunina á svæði heilbrigðiseftirlitsins, þannig að gott yfirlit sé yfir loftgæði á svæðinu. Loftgæðamælingar eru unnar í nánu samstarfi við sérfræðinga Umhverfisstofnunnar og er hægt að sjá stöðu loftgæða á loftgaedi.is og eins á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins.

Eins og undanfarin ár er gert ráð fyrir að ráðnir verði til eftirlitsins tveir til þrjú sumarstarfsmenn, en sú ráðstöfun hefur gefist vel en ráðnir hafa verið háskólanemar í líffræði og verkfræði sem hafa nýst hafa vel við ýmis störf í eftirliti og við umhverfissvöktun.

Almennt um fjármál og rekstur

Ákveðin hluti starfseminnar snýr að almennu eftirliti, samskiptum innan stjórnsýslunnar og þjónustu við borgarana. Á árinu 2022 var þessi þáttur um 34% af heildarútgjöldum heilbrigðiseftirlitsins og ekki er gert ráð fyrir breytingum á því hlutfalli. Sá hluti sem ekki er fjármagnaður með eftirlitstekjum, er fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum. Eins og fram hefur komið eru aukin verkefni á þessu sviði s.s. auknar loftgæðamælingar, aukið markaðseftirlit og önnur verkefni sem tengjast aukinni þjónustu við íbúanna. Reiknað er með að hagræðing heilbrigðiseftirlitssvæða mæti auknum verkefnum á þessu sviði og því verði hlutfall framlags sveitarfélaganna það sama milli ára.

Teknar voru saman helstu stærðir í rekstri heilbrigðisnefnda á Íslandi fyrir árið 2019 í skýrslu KPMG sem unnin var fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið sem kom út í maí 2021 en þar kom fram að á árinu 2019 var samsetning tekna að jafnaði þannig að 60% kom vegna eftirlitsgjalda og leyfa frá fyrirtækjum, 7% vegna annarra tekna og 33% með framlagi sveitarfélaga. Framlag sveitarfélaga hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er í takt við þetta eða um 34% eins og áður hefur komið fram, en eftirlitsgjöld og leyfisgjöld fyrirtækja eru um 66%.

Megin þáttur starfseminnar snýr samt áfram að eftirlitsskyldum aðilum og er stefnt að því að mæta þeim kostnaði með eftirlitsgjöldum eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir heimila sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem fyrir eftirlit, útgáfu starfsleyfa og vottorða. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

Samkvæmt matvælalögum skulu matvælafyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

- a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
- b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- c. kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Ráðherra hefur gefið út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga vegna heilbrigðiseftirlits.

Gjaldskrár heilbrigðiseftirlitsins er tvær:

- Matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit: Lögð er til breyting á tímagjaldi, hækkun í kr. 19.500 og sýnatökugjald í kr. 20.000 sem er í samræmi við áætlaðan kostnað eftirlitsins en nær þó ekki að halda alveg við almenna verðlagsþróun. Gjöldin eru reiknuð samkvæmt leiðbeinandi reglum umhverfisráðherra um uppbyggingu gjaldskráa fyrir



heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um að innheimt gjald skuli ekki vera hærra en raunkostnaður við vinnuna sem er framkvæmd s.s. vegna eftirlits, vottorða eða leyfisveitinga. Öll gjöld sem innheimt eru af heilbrigðiseftirliti eru reiknuð út frá tímagjaldi. Unnið er að áhættumati fyrirtækja í samræmi við lög og reglugerðir um hollustuhætti og mengun og gætu breytingar á því mati haft áhrif á fjölda eftirlitstíma á árinu, en ekki er gert ráð fyrir að sú breyting hafi áhrif á heildarniðurstöðu fjárhagsáætlunar.

- Leyfisgjöld vegna hundahalds. Á haustmánuðum voru samþykktar nýjar samþykktir um hundahald og eru þær nú samræmdar á öllu eftirlitssvæði heilbrigðiseftirlitsins. Áfram hefur verið unnið að einföldun á regluverkinu í kringum hundahald og er skráningin nú alfarið rafræn. Lagt er til að leyfisgjaldið hækki óverulega, þ.e. hækkinin verði kr. 1.000 fari í kr. 16.000 (kr.8.000 með afslætti). Þá verði handsömunargjald fellt niður af skráðum hundum og það einungis innheimt af óskráðum hundum. Ekkert leyfisgjald er innheimt á því ári sem hundur er skráður og hefur sú hvatning virkað vel á hundaeigendur og eru nýskráningar fleiri en áður. Gert er ráð fyrir að fjöldi hunda á svæði heilbrigðiseftirlitsins verði um 3100 hundar í upphafi árs 2023.
- Hundaskráin er nú aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins í samræmi við kröfur um gegnsæi í opinberri skráningu. Þá er búið að einfalda skráningu hunda og er hægt að ganga frá skráningu alfarið með rafrænum hætti. Þessi umsýsla hefur dregið úr vinnu eftirlitsins við hundahaldið og eins hefur kvörtunum vegna hundahalds fækkað á árinu.

Rekstur heilbrigðiseftirlitsins

Heilbrigðiseftirlitið er með þrjár eigin bifreiðar í notkun. Annar aksturskostnaður er greiddur samkvæmt aksturssamningum og akstursdagbókum. Stefnt er að því að endurnýja bifreiðar heilbrigðiseftirlitsins á næstu árum og vera einungis með umhverfisvæna bifreiðar í rekstri. Nú er ein bifreið sem nýtir metan sem aflagjafa og vonandi tekst að taka í notkun fleiri umhverfisvæna bifreiðar á næsta ári.

Heilbrigðiseftirlitið flutti að Hlíðasmára 14 í Kópavogi í febrúar og eru starfsmenn mjög ánægðir með þá staðsetningu og þá aðstöðu sem nýja húsnæðið býður uppá. Hagstæðir samningar tókust um húsnæði en nokkrar breytingar voru gerðar á húsnæðinu við flutningana sem tókust vel. Kostnaður við standsetningu fór fram úr áætlun og skýrir það hækkan húsnæðiskostnaðar á árinu, en þeim er að fullu lokið og lækkar sá liður í fjárhagsáætlun frá fyrra ári.

Fastir fundir eru sóttir á vegum Matvælastofnunar, Umhverfisstofnunar og Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða. Auk þess eru sóttir fræðslufundir og ráðstefnur á verksviði stofnunarinnar. Vegna Covid-19 hafa flestir fundir farið fram með fjarfundarbúnaði og því hefur fundar- og fræðslukostnaður dregist saman miðað við fyrri ár, en þó tókst að halda ráðstefnu heilbrigðisfulltrúa á Akureyri í haust og eins fór fram ráðstefna stjórnenda í Borgarfirði í byrjun sumars. Öll önnur námskeið voru haldin með fjarfundarbúnaði og tóku heilbrigðisfulltrúar þátt í fjölmörgum endurmenntunarnámskeiðum sem fram fóru á vegum BTSF (Better training for Safer Food) sem haldin eru á vegum Evrópusambandsins og hefur verið erfitt að sækja vegna kostnaðar.

Heilbrigðiseftirlitið leitar eftir tilboðum frá rannsóknarstofum og er með samning við rannsóknarstofuna Sýni ehf. Matvælasýni ber að taka til mælinga vegna matvælaöryggis. Slík sýni eru tekin í reglubundnu eftirliti og í skipulögðum eftirlitsverkefnum á landsvísu. Innheimta ber kostnað við sýnatöku og greiningu á rannsóknarstofu í reglubundnu eftirliti. Jafnaðargjald er vegna rannsókna pr. sýni skv. eftirlitsáætlun. Komi upp alvarleg matarsýking getur þurft að auka sýnatöku án þess að hægt verði að innheimta rannsóknarkostnað. Efnamælingar eru oftast mjög kostnaðarsamar. Slíkar mælingar eru vegna neysluvatns, varnarefna í matvælum og annarra innihaldsefna matvæla auk mengunarvarnaeftirlits og



umhverfisvöktunar. Mælingar sem tengjast mengun koma í ljós í eftirliti, við kvartanir eða í óhöppum. Möguleiki til að innheimta rannsóknarkostnað er að jafnaði ekki fyrir hendi. Nokkuð miklar verðlagshækkningar hafa orðið á árinu 2022 á sýnakostnaði og ljóst að gæta verður aðhalds á þeim kostnaðarlið, svo hann rjúki ekki upp úr öllu valdi.

Færsla bókhalds, endurskoðun og frágangur ársreiknings er aðkeypt þjónusta frá fyrirtækinu KPMG. Núverandi fyrirkomulag var tekið upp í lok árs 2001. Hefur það reynst vel. Samningur er við Garðabæ um útreikning launa og gerð launaseðla. Farið verður í að skipta um fjárhagsbókhaldskerfi á árinu 2023 og samræma við málakerfi stofnunarinnar.

Almennt fyrir starfsáætlun 2023

Verkefnum í matvælaeftirliti, eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum, umhverfisvöktun og mengunaróhöppum hafa verið að breytast. Sífelld koma fram nýjar áherslur sem birtast í lögum reglugerðum og aukinni umræðu í samfélaginu er um umhverfismál. Mæta þarf auknum kröfum um birtingu upplýsinga á vefsvæði stofnunarinnar og áfram verður unnið að því að auka aðgengi almennings að upplýsingum. Jafnframt er nauðsynlegt að auka skipulagða eftirfylgni við framkvæmd eftirlits og vinna við frammistöðuflokkunarkerfi til þess að meta eftirlitsþörf fyrirtækja.

Áfram eru ýmsar breytingar á laga- og reglugerðarverki heilbrigðiseftirlitsins. Skráningarreglugerð kemur í stað starfsleyfisskyldu eins og áður hefur verið nefnt, ný reglugerð hefur verið gefin út um leiksvæði og von er á nýrri reglugerð um fráveitmál á næstu vikum. Þá er unnið að endurskoðun á hollustuháttareglugerðinni, en allt eru þetta þau vinnutæki sem heilbrigðiseftirlitið vinnur með og því mikilvægt að vel sé staðið að kynningu og innleiðingu. Sveitarfélögin leggja líka aukin verkefni á heilbrigðiseftirlitin og gera auknar kröfum um vöktun á umhverfi auk þess sem leitað er umsagnar heilbrigðiseftirlitsins varðandi skipulagsmál og framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna eða annarra aðila.

Starfsmannahald 2023

Kröfur til heilnæmara umhverfis kalla á umhverfisvöktun og upplýsingagjöf til stjórnvalda og almennings. Krafa um örugg matvæli er mikil og nákvæmari upplýsingar um innihald, óþolsvalda og uppruna matvælna fylgja breyttum lífstíl neytenda. Kröfur í lögum og reglugerðum koma einnig fram eftir skuldbindingar sem innlend stjórnvöld hafa gert við aðrar þjóðir og eftirlitsstarfsemi hér innanlands þarf að sæta eftirliti alþjóðlegra stofnanna. Mikil vinna fer því í eftirlit með heilsufullryðingum og merkingum á matvöru, sem í aukna mæli fer fram í netsölu og ýmsum farvegum samfélagsmiðlanna. Aukið samráð milli heilbrigðiseftirlitssvæða kemur vonandi til með að auka hagræðingu á þessu sviði.

Á liðnum árum hefur verið ráðnir sumarstarfsmenn til að fara í einfaldara eftirlit og auka þannig vettvangsathuganir og mæta auknum verkefnum í skráningum. Sú lausn hefur gefist vel og komið þannig til móts við óvæntar breytingar í starfsmannamálum sem upp hafa komið, s.s. vegna veikinda eða vegna fæðingarorlofs starfsmanna. Skipulagsbreytingar voru á árinu 2022 við sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæðanna og komu tvö stöðugildi með þeirri breytingu. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna, en breytingar á starfsmannahaldi verða vegna starfsloka og breyttu starfshlutfalli einstakra starfsmanna.

Matvælaeftirlit

Sveitarfélögin hafa skyldu til að sinna matvælaeftirliti og er heilbrigðisnefndum falið opinbert eftirlit með matvælum á markaði, smásölu, framleiðslu samsettra matvæla og framleiðslu matvæla sem ekki eru unnin úr dýrafurðum. Til matvælaeftirlits fellur einnig eftirlit með neysluvatni frá vatnsveitum. Neysluvatni hjá almenningi, fyrirtækjum í matvælaíðnaði og stofnunum sem þjóna viðkvæmum einstaklingum.



Matvælaeftirlit er fært í gagnagrunn Matvælastofnunnar og er það gert til að samræma vinnulag. Kerfið heldur utan um upplýsingar um fyrirtæki og niðurstöður eftirlits. Jafnframt er unnið að áhættumati og þróun eftirlitshandbókar. Því miður hefur ekki tekist að samræma notkun á gagnagrunni Matvælastofnunnar (Ísleifur) milli allra heilbrigðiseftirlitssvæðanna og hamlar það uppfærslu á því kerfi. Mikilvægt er að hægt verði að þróa það kerfi svo það geti nýst sem eftirlitstæki í matvælaeftirliti og jafnframt samræmt niðurstöður úr því eftirliti.

Matarborinn sjúkdómur er samheiti yfir matareitranir og matarsýkingar. Þegar upp koma matarbornir sjúkdómar vinna Matvælastofnum, Sóttvarnalæknir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sameiginlega að rannsókn svo komast megi sem fyrst að orsakavaldi svo unnt sé að grípa til aðgerða og stöðva útbreiðslu hans. Ef tveir eða fleiri veikjast og grunur beinist að ákveðnum matvælum er málið rannsakað. Farið er yfir vinnuferla með fyrirtækjunum ef tilkynningar berast sem bent geta til matarborins sjúkdóms. Tilvik varðandi þessi atriði hafa verið nokkur á árinu, en gera verður ráð fyrir bæði vinnu og fjármagni til rannsókna. Þegar stórar matarsýkingar koma upp, er sýnakostnaður verulegur og gera þarf ráð fyrir slíkum kostnaði.

Töluvert hefur fjölgað í innköllunum á vörum og eru ákvarðanir um innkallanir ýmist teknar af Matvælastofnun eða hjá viðkomandi heilbrigðiseftirliti þar sem rekja má uppruna innköllunar til. Ástæður innkallanna eru eins fjölbreyttar og þær eru margar, svo sem aðskotahlutir í matvælum, vanmerkingar á vörum eða óleyfileg innihaldsefni. Umtalsverð vinna fylgir oft innköllunum þar sem fylgt er eftir ákvörðun um innköllun með því að fara í viðkomandi verslanir eða framleiðslufyrirtæki og innkölluninni fylgt eftir.

Nýr forstjóri Matvælastofnunnar hefur lagt áherslu á að efla samstarf heilbrigðiseftirlitssvæða og Matvælastofnunnar og hefur verið fundað mánaðarlega til að tryggja að samráði á milli Matvælastofnunnar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, heilbrigðiseftirlitssvæða innbyrðis og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Matvælahópur skipaður fulltrúum heilbrigðiseftirlita og Matvælastofnunnar hefur aftur á móti verið frekar óvirkur en hans hlutverk er jafnframt að sjá um að samráð sé haft og samræming við framkvæmd eftirlits með matvælum, taka upp vandamál sem upp koma í eftirliti og leita leiða til að leysa þau, skipuleggja eftirlitsverkefni, taka þátt í skipulagi þjálfunar þeirra sem starfa við opinbert matvælaeftirlit og vera vettvangur upplýsingamiðlunar um matvælaöryggis- og eftirlitsmál. Hann er einn helsti samstarfsvettvangur Matvælastofnunnar og heilbrigðiseftirlitsins.

Hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlit

Heilbrigðisnefnd skal gefa út starfsleyfi samkvæmt viðauka IV, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit, en með breytingum á lögnum í sumar var sú starfsemi sem heilbrigðisnefnd hefur umsjón með sameinuð undir þeim viðauka. Eftirlitið skal ná til athugunar á öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi starfsemi sem máli skipta sem og hollustuhátta. Eftirlit fer fram með þeirri starfsemi sem er í raun og veru, en er ekki bundið við eftirlit með starfsleyfisskilyrðum. Þjálfun, staðkunnátta eftirlitsmanns og stöðuleiki í eftirliti eru grundvallaratriði. Reglulegar eftirlitsáætlanir eru gerðar til að halda utan um og tryggja reglubundið eftirlit með atvinnurekstri, þ.m.t. um tíðni vettvangsheimsókna fyrir mismunandi starfsemi. Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna skal byggjast á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi og skal tíðni eftirlits ekki vera sjaldnar en eitt ár fyrir starfsemi sem veldur mestri áhættu en þrjú ár fyrir starfsemi sem veldur minnstri áhættu. Vegna hollustuháttaeftirlits er ein eftirlitsferð á ári eða eftirlitsferð annað hvert ár algengastar. Til sumra fyrirtækja eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir s.s. til stórra sundstaða. Mengunaróhöpp og mengunarslys fylgja okkar samfélagsháttum og þarf stöðugt að vera viðbúin þeim.

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum. Eftirlit er haft með tóbakssölu meðfram öðru eftirliti og fylgst er með því að ákvæði um sýnileika og aldur afgreiðslufólks sé í samræmi við lög og reglugerðir.



Umhverfisvöktun

Umhverfisvöktun er aðallega á sviði loftgæðamælinga í andrúmslofti og með vatnsgæðum í grunnvatni, lækjum, stöðuvötnum, tjörnum og sjó. Þar með talið er eftirlit með framkvæmd hreinsunar á rotþróð. Í reglugerð nr. 796/1999 um verndun vatns eru skyldur lagðar á heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir að flokka vötn og grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi. Af sama meiti er eftirlit með vatnsverndarsvæðum sem tryggja á öryggi neysluvatns til framtíðar. Umhverfisvöktun með vatnsgæðum nær til mælinga á örverum og efnum.

Í reglugerð um fráveitur og skólþ eru sett umhverfismörk fyrir saurmengun yfirborðsvatns vegna holræsaútrása. Rangtengingar hafa leitt til þess að lækir og fjörur mengast. Úr þessari mengun hefur dregið eftir vöktun og samstarfi við sveitarfélögin sem reka fráveitukerfin í umdæminu. Áhættan á rangtengingum og löskuðum lögnum er stöðugt fyrir hendi og á hverju ári koma tilkynningar um mengun í lækjum og vötnum og er þá reynt að finna uppruna mengunar í samstarfi við starfsmenn sveitarfélaganna. Ráðgert er að halda áfram skipulagðri vöktun í svipuðum farvegi, en við sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæða kom í ljós nokkur áherslumunur í vöktun, en stefnt er að því að samræma fjölda sýna og vettvangsferða. Stefnt er að því að birta niðurstöður mengunarmælinga á heimasíðu eftirlitsins, en mælingarnar eru sendar sveitarfélögunum til kynningar um leið og niðurstöður liggja fyrir.

Heilbrigðiseftirlitið rekur nú þrjár loftgæðamælistöðvar. Ein er staðsett við Dalsmára í Kópavogi og reiknað er með að nýja loftgæðastöðin verði komin í gagnið sem staðsett verður við Leikskólann í Hörðukór á lok ársins. Þá er ein loftgæðastöð við Norðurhelli í Hafnarfirði. Á heimasíðu eru aðgengilegar niðurstöður fyrir almenning úr símælingum á loftgæðum í umdæminu. <http://heilbrigdiseftirlit.is/> og eins heldur Umhverfisstofnun úti vefsíðu www.loftgaedi.is þar sem þessar niðurstöður eru birtar ásamt niðurstöðum frá öðrum mælistöðum á landinu. Eins og áður hefur komið fram er mikil áhugi á að auka frekar loftgæðamælingar og m.a. vera með færanlega loftgæðastöð til að auka þekkingu okkar á breytingum á loftgæðum á svæðinu. Þá hefur verið unnið að uppsetningu á rannsóknarstöð á völlumum í Hafnarfirði sem ætluð er til mælinga á þungmálum og kemst hún vonandi í gagnið á næsta ári.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga skulu einar sér eða með samvinnu sín á milli gefa út áætlun um loftgæði á sínu svæði þar sem m.a. koma fram tímaáætlun, aðgerðir og stefnumörkun til að bæta loftgæði. Þá skulu heilbrigðisnefndir vinna viðbragðsáætlanir sem taka til skammtímaaðgerða varðandi loftgæði á þeirra svæði. Heilbrigðisnefndir skulu gefa út tilkynningar til almennings um loftgæði á þeirra svæði eftir því sem við á. Ef hætta er á að styrkur mengunarefna í andrúmslofti á tilteknu svæði eða tilteknum þéttbýlisstað fari yfir umhverfismörk samkvæmt ákvæðum í reglugerð skal hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd gera aðgerðaáætlun með það að markmiði að draga úr hættu sem af því ástandi stafar eða stytta tímabilið sem ástandið varir. Í aðgerðaáætluninni skal koma fram til hvaða skammtímaráðstafana verði gripið til að draga úr þeirri áhættu eða stytta þann tíma sem farið er yfir umhverfismörk. Heilbrigðisnefnd hefur nú tekið saman „Viðbragðsáætlun til að bæta loftgæði“ þar sem settar eru fram þær skammtímaráðstafanir sem nauðsynlegt er að framkvæma til að draga úr loftmengun og hefur áætlunin verið samþykkt í sveitarfélögunum og er nú aðgengileg á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Við sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæðanna þarf að endurskoða og samræma viðbragðsáætlunina og fá fulltrúa allra sveitarfélaga til að skipa viðbragðsteymi heilbrigðiseftirlitsins.

Mælingar á umhverfishávaða og úrvinnsla kvartana um hávaða sem berast frá almennings eru einnig hluti af umhverfisvöktun. Efla þarf mælingar og bæta tækjakost við hávaðamælingar. Náið samstarf hefur verið við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um mælingar og við fengið lánuð tæki til mælinga þegar þannig hefur staðið á. Unnar hafa verið aðgerðaáætlanir hjá sveitarfélögunum vegna hávaða sem ætlaðar eru til að stemma stigu við hávaða og hávaðadreifingu. Þar er horft til umferðaskipulags, skipulag landnotkunar s.s. með að færa hávaðasama starfsemi og önnur atriði s.s. stuðla að umhverfsvænni ferðamáta. Í umsögnum um breytingar á aðalskipulagi og deiluskipulagi sveitarfélaganna hefur heilbrigðisnefnd vakið sérstaka athygli á mikilvægi þess að hugað sé að þessum þáttum, sérstaklega þar sem um er að ræða blandaða byggð atvinnurekstrar og íbúðabyggðar. Vonandi munu úrbætur samkvæmt þeim bæta gæði umhverfis á næstu árum. Því miður hefur nokkuð verið um



kvartanir um hávaða frá atvinnurekstri þar sem íbúðir er ofan við verslanir eða veitingastaði og virðist vera að misbrestur sé á að fylgt sé þeirri kröfu um að tryggt sé að hljóð vegna atvinnustarfsemi sé í samræmi við viðmiðunarmörk í hávaðareglugerð.

Dýraeftirlit

Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum ef þau eru til staðar og gera ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni. Sveitarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Samið var við Dýraþjónustu Reykjavíkur í maí 2022 um samstarf og sér DÝR um geymslu og afhendingu á þeim dýrum sem færð eru til þeirra. Kostnaður við hundageymslu greiðist af eftirlitsgjöldum vegna hundahalds en kattageymslan úr sjóðum sveitarfélaganna.

Nýskráningu hunda fjölgaði og greinilegt að sú ákvörðun að fella niður leyfisgjald á fyrsta ári hefur haft jákvæð áhrif á vilja hundaeigenda til að skrá sína hunda. Með nýjum samþykktum er enn betur á réttað sú skylda hundaeigenda að skrá sína hunda og er mikilvægt að allir hundar séu skráðir. Leyfisgjaldið er hóflegt, en það stendur undir kostnaði við ábyrgðartryggingu hunda og þá umsýslu sem málaflokkurinn kallar á. Upplýsingar um skráningu hunda er nú hægt að nálgast á heimsíðu eftirlitsins og er nú skráning þeirra hægt að gera með rafrænum hætti.

Helstu kvartanir snúa að hundahaldi í fjölbýli og töluvert er kvartað undan hávaða vegna hundahalds og fær fjöldi hundaeigenda athugasemdir frá eftirlitinu þar sem þeir eru beðnir um að virða samþykktir um hundahald og taka tillit til nágranna sinna.

Sveitarfélögin hafa sett samþykktir um kattahald en eiga eftir að fylgja stefnumörkun sinni eftir og veita fjármunum til þess að handsama ketti sem kvartað er yfir. Samningur var gerður f.h. sveitarfélaganna við Kattavinafélag Íslands á árinu 2013 vegna geymslu óskilakatta. Ekki eru áætlanir um breytingar á þeim samningi. Samkvæmt lögum um velferð dýra er skylt að einstaklingsmerkja ketti og eru þau merki skráð í gagnagrunninn, dyraeinkenni.is. Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki aðgang að þeim gagnagrunni, en skoða þarf hvort ekki sé skynsamlegt að nánari samvinna sé milli dýralækna og þeirra aðila sem halda úti þeim gagnagrunni við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.

30. september 2022

Hörður Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.



	31.12.2021		31.12.2021		Fjárhagsáætlun 2022		Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2022 v/sameiningar		Afkomuspá 31.12.2022		Fjárhagsáætlun 2023	
	Rauntölur HRK	Rauntölur HKJós	Samantekið	Hundaefnitrit	Heilbr. efnitrit	Samtals	Hundaefnitrit	Heilbr. efnitrit	Samtals	Hundaefnitrit	Heilbr. efnitrit	Samtals
Rekstrarkjör												
Efniritgjöld	135.207.887	18.668.863	153.876.750	90,7%	24.000.000	108.000.000	132.000.000	29.000.000	125.000.000	154.000.000	154.000.000	169.949.964
Leyfsgjöld	11.731.750	3.665.048	15.396.798	6,9%	0	11.000.000	11.000.000	0	14.000.000	14.000.000	14.000.000	10.000.000
Aðrar tekjur	12.117.934	3.627.444	15.745.378	2,4%	0	3.000.000	3.000.000	0	8.000.000	8.000.000	8.000.000	9.000.000
	159.057.571	25.961.355	185.018.926	100,0%	24.000.000	122.000.000	146.000.000	29.000.000	147.000.000	176.000.000	176.000.000	188.949.964
Gjöld												
Heilbrigðisnefnd	3.777.348	3.205.922	6.983.270	2,1%	800.000	4.200.000	5.000.000	800.000	4.200.000	5.000.000	5.000.000	5.403.010
Laun og launatgjöld	157.019.712	27.713.157	184.732.869	75,0%	13.000.000	151.500.000	164.500.000	16.000.000	178.000.000	194.000.000	194.000.000	212.293.866
Húsnæðiskostnaður	12.119.688	1.925.830	14.045.518	4,8%	1.000.000	13.000.000	14.000.000	1.000.000	13.000.000	14.000.000	14.000.000	14.500.000
Skrifstofu- og tölvuk.	15.034.987	3.247.719	18.282.706	5,5%	1.000.000	11.000.000	12.000.000	2.000.000	13.000.000	15.000.000	15.000.000	18.000.000
Aktur	4.208.070	1.570.883	5.778.953	2,1%	600.000	4.400.000	5.000.000	1.000.000	6.000.000	7.000.000	7.000.000	8.000.000
Funda- og fræðsluk.	541.574	33.920	575.494	0,5%	100.000	900.000	1.000.000	100.000	1.000.000	1.100.000	1.100.000	1.000.000
Aðkeypt þjónusta	13.089.343	6.836.153	19.925.496	5,9%	1.000.000	12.000.000	13.000.000	1.000.000	13.000.000	14.000.000	14.000.000	14.600.000
Annar rekstrark.	8.457.872	8.457.872	8.457.872	4,1%	6.500.000	2.500.000	9.000.000	7.000.000	2.800.000	9.800.000	9.800.000	9.000.000
	214.248.594	44.533.584	258.782.178	100,0%	24.000.000	199.500.000	223.500.000	28.900.000	231.000.000	259.900.000	259.900.000	284.092.876
Rekstrarniðurstaða ársii	-55.191.023	-18.572.229	-73.763.252	33,0%	0	-77.500.000	77.500.000	100.000	-84.000.000	83.900.000	83.900.000	95.142.912
Framlög aðildarféлага												
	19.115.829		19.115.829	29,687	Hafnarfjörður	26.450.388	29,763	Hafnarfjörður	23.793.384	29,763	25.500.939	26.981.787
	11.392.742		11.392.742	17,693	Garðabær	16.392.077	18,445	Garðabær	14.745.455	18,445	15.803.676	16.721.401
	24.682.452		24.682.452	38,332	Kópavogur	34.657.535	38,998	Kópavogur	31.176.105	38,998	33.413.487	35.353.819
		13.692.839	13.692.839	12,589	Mosfellsbær			Mosfellsbær	10.411.754	13,024	11.158.964	11.806.968
		4.879.390	4.879.390	4,715	Seltjarnarnes			Seltjarnarnes	3.773.302	4,720	4.044.096	4.278.938
	55.191.023	18.572.229	73.763.252	103,016		77.500.000	87,206		83.900.000	104,950	89.921.163	95.142.912